

Reykjavík 19.10.20

OPIÐ BRÉF TIL STJÓRNAR VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS VEGNA VONARSKARÐS.

Sjá líka sértækar athugasemdir við minnisblað þitt í viðfestu skjali

Kæra Auður,

Þar sem málefni Vonarskarðs eru enn að velkjast fyrir stjórn þjóðgarðsins og hugmyndir uppi um hugsanlega opnun, eða tilraunaopnun, fyrir umferð vélknúinna farartækja um skarðið langar mig að koma eftirfarandi á framfæri.

Fyrst vil ég þó nefna að ég er hugsí yfir og tel miður að ekki var rætt beint við okkur sem einna gerst þekktja umrætt svæði og sögu samgangna þar eftir þjóðgarðsstofnun. Þá á ég ekki síst við undirritaðann og Kára Kristjánsson að öðrum ólöstuðum. Sjálfur lokaði ég Vonarskarði fyrir vélknúinni umferð vorið 2011, þá sem þjóðgarðsvörður á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, skv. fyrirmælum stjórnar þjóðgarðsins þá. Ég fylgdist vel með umræðunni og starfi samráðshópa og vísindamanna næstu árin í kjölfar lokunarinnar. Síðar vann ég fyrir þjóðgarðinn sem ritstjóri og aðalhöfundur umsóknar og tilnefningu hans á heimsminjaskrá UNESCO. Sú vinna var leidd til farsælla lykta í júlí 2019 eins og kunnugt er. Frá framsýnni ákvörðun stjórnar um lokun Vonarskarðs eru nú liðin rúm níu ár af alls 12 ára líftíma þjóðgarðsins.

Að mínu mati og miklu fleiri yrði opnun Vonarskarðs í hvaða mynd sem er stórslys og mikið bakslag fyrir náttúruvernd á Íslandi; hún kæmi þvert á alla náttúruverndarumræðu hér innanlands sem erlendis undanfarinn áratug. Þetta yrði gert einungis vegna mikils þrýstings og þrákelkni afmarkaðs hóps útivistarfólks, því annar og síst minni hópur útivistar- og náttúruverndarfólks, að ógleymdum fulltrúum sveitarstjórna á Suðurlandi, vill óbreytt ástand, fulla vernd svæðisins.

Meginrök í minnisblaði þínu sýnast lúta að því að ná betri sátt um Vonarskarð með opnun þess fyrir vélvæddri umferð tiltekinn tíma sumars. Þar virðist gleymast að lokun skarðsins var hluti af sátt sem fengin var með samráðshópi þáverandi umhvefiráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði og vísindavinnu í framhaldi af því þegar Vikrafellsleið var aftur opnuð fyrir vélvæddri umferða og önnur atriði sem komu til tals í samráðshópnum leiðdd til lykta skv. óskum útivistarfólks. Sumt af því hugnaðist ekki öllu náttúruverndarfólki sem lét þá kyrrt liggja til að halda sáttina.

Opnun Vonarskarðs fyrir umferð akandi og hjólandi ferðafólki frá 15. ágúst, eða svokölluð tilraunaopnun frá 1. september í fimm ár, mun ekki leiða til meiri sáttar, heldur þvert á móti aðeins rýra náttúruverndargildi svæðisins og rjúfa þá sátt sem náttúruverndarfólk hefur haft í heiðri frá því að nefndu samráðsferli lauk.

Það er andstætt náttúruverndarlögum, alþjóðasamningum, og þeim skyldum sem Ísland undirgekkst þegar Heimsminjanefnd UNESCO samþykkti Vatnajökulspjóðgarð á heimsminjaskrá árið 2019, að hefja tilraunastarfsemi með viðkvæma náttúru Vonarskarðs. Aukin umferð af hvaða tagi sem er eykur álag á svæðið og hættu á skemmdum vegna utanvegaaksturs. Náttúran skal í þessu sem öðru njóta vafans.

Í tilmælum þáverandi umhverfisráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar, er þetta sjónarmið náttúruverndar áréttað með skýrum hætti ásamt ósk um betri sátt varðandi ágreining um Vonarskarð.

Í fæstum málum er þó hægt að gera öllum til hæfis og ekki er bæði hægt að eta kökuna og geyma. Tilmæli þáverandi ráðherra sýnast fela í sér tiltekinn „ómöguleika“, svo vitnað sé í vinsælan frasa, að tryggja fulla vernd en jafnframt láta undan kröfum um opnun. Hið eina rétta í þannig klemmu er að láta minni hagsmuni víkja fyrir meiri, láta náttúruna njóta vafans og gera ekki neitt. Áðurnefndur afmarkaður hópur útvistarfólks þarf einfaldlega að sætti sig við orðinn hlut og leggi af ítrekaðar og tilraunir til sáttarofs. Í svari við tilmælum þáverandi ráðherra, SIJ, getur stjórnin áréttað verndarsjónarmið og jafnframt ítrekað að STÓRA sáttin fólst í samráðinu áðurnefnda og skýrslum vísindamanna í kjölfar þess um Vonarskarð og Vikrafellsleið.

Að lokum hvet ég þig og stjórn þjóðgarðsins til að lesa meðfylgjandi athugasemdir mínar við minnisblaðið þitt, þar er farið betur í saumana á mörgum atriðum.

Með vinsemd og baráttukveðju,

Snorri Baldursson

Náttúrufræðingur og fyrrverandi þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði